

# **Jöfnunarsjóður alþjónustu**

**06-682**

**Ársreikningur 2017**

## Efnisyfirlit

	Bls.
Áritun ríkisendurskoðanda .....	2
Skýrsla og áritun stjórnenda .....	4
Yfirlit um afkomu ársins .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymisyfirlit .....	7
Skýringar .....	8

**Jöfnunarsjóður alþjónustu**

**Umsjón Póst- og fjarskiptastofnun**

**Suðurlandsbraut 4, 108 Reykjavík**

## Skýrsla og áritun stjórnenda

Jöfnunarsjóður alþjónustu er ríkisaðili í A-hluta sem er í umsjón Póst- og fjarskiptastofnunar. Fjarskiptafyrirtæki sem á hafa verið lagðar skyldur til að veita alþjónustu geta sótt um endurgreiðslur úr Jöfnunarsjóði. Til að standa straum af endurgjaldi til þeirra er innheimt jöfnunargjald af fjarskiptafyrirtækjum sem starfrækja fjarskiptanet eða -þjónustu.

Á grundvelli laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF) var gerður stofnefnahagsreikningur 1. janúar 2017 sem byggir á ákvæðum laganna. M.a. leiddi það til að varanlegir rekstrarfjármunir voru eignfærðir og orlof skuldfært. Þar sem breytingar þessar hafa mikil áhrif á liði í rekstrar- og efnahagsreikningum hefur reikningsskilaráð A-hluta ríkissjóðs ákveðið að samanburðartölur við fyrra ár séu ekki birtar. Samanburður er í efnahagsreikningi við stofnefnahagsreikning 1. janúar 2017 sem gerður var á grundvelli hinna breyttu reikningsskilareglna skv. LOF.

Á árinu 2017 var ársveltan kr. 45,7 milljónir og afkoma kr. -19,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 8,9 milljónir í árslok og eignir samtals nema kr. 8,9 milljónum.

Það er álit okkar að ársreikningur 2017 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Jöfnunarsjóðs alþjónustu í samræmi við lög um opinber fjármál og ársreikningalög.

Forstjóri Póst- og fjarskiptastofnunar staðfestir ársreikning Jöfnunarsjóðs alþjónustu fyrir árið 2017 með undirritun sinni.

Reykjavík,            dags.

Forstjóri

Forstöðumaður rekstrardeildar

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Hrefna Ingólfssdóttir

## Yfirlit um afkomu ársins 2017

	Skýr	2017
<b>Tekjur samtals</b>		
Framlög ríkissjóðs .....	3	<u>45.700.000</u>
<b>Tekjur samtals</b>		45.700.000
<b>Gjöld</b>		
Framlög og tilfærslur .....	4	<u>64.763.629</u>
		64.763.629
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>		(19.063.629)
<b>Afkoma ársins</b>		<u><u>(19.063.629)</u></u>

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins

## Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	Skýr	31.12.2017	Stofnefnahags- reikningur 1.1.2017
<b>Eignir</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Viðskiptakröfur .....	5	0	659.556
Tengdir aðilar .....	6	8.937.608	27.341.681
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<u>8.937.608</u>	<u>28.001.237</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u>8.937.608</u>	<u>28.001.237</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>	7		
Hrein eign .....		8.937.608	28.001.237
<b>Eigið fé samtals</b>		<u>8.937.608</u>	<u>28.001.237</u>
<b>Skuldir samtals</b>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u>8.937.608</u>	<u>28.001.237</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	8		

Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings

## Sjóðstreymisyfirlit ársins 2017

	Skýr	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Afkoma ársins .....		(19.063.629)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		0
		<u>(19.063.629)</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:		
Viðskiptakröfur - aðrar skammtkröfur .....		659.556
		<u>659.556</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		<u>(18.404.073)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Tengdir aðilar .....		18.404.073
		<u>18.404.073</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé</b>		0
Handbært fé í byrjun árs .....		<u>0</u>
<b>Handbært fé í árslok</b>		<u><u>0</u></u>

*Skýringar með ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits*

## Skýringar

### 1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

#### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkisins að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS, (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga, nr. 696/1996, eftir því sem við á. Gerð er hér grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Breytingum frá fyrri reikningsskilaaðferðum voru gerðar í Stofnefnahagsreikning 1/1 2017 og er gerð grein fyrir þeim hér á eftir.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum og skuldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði staðals IPSAS 33, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

#### 1.1 Breytingar á reikningsskilaaðferðum

Nokkur breyting verður á reikningsskilaaðferðum frá þeim sem giltu fyrir árið 2016. Reikningsskil skulu hér eftir alfarið vera á rekstrargrunni. Helstu breytingar að því er stofnefnahagsreikninginn og reikningsskil ársins 2017 varðar eru eignfærsla og afskrift varanlegra rekstrarfjármuna og eign- og skuldfærsla fyrirfram- og eftirágreidds kostnaðar.

#### 1.2 Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt nema fyrir liggja atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárheimildir til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárheimildir sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifsta, úreldingar eða sölutaps.

#### 1.3 Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

#### 1.4 Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum fjárlagaliðsins.

#### 1.5 Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

#### 1.6 Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru aðrir ríkisaðilar í A-hluta.

## Skýringar

### 2 Fjárhagsleg áhættustjórnun

Starfsemi félagsins hefur í för með sér margvíslega áhættu s.s. Útlánaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun félagsins beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

	2017	
<b>3 Framlög ríkissjóðs</b>		
Fjárheimildir ársins .....	45.700.000	
Framlög ríkissjóðs .....	45.700.000	
	<u>45.700.000</u>	
<b>4 Framlög og tilfærslur</b>		
Tilfærslur .....	64.763.629	
	<u>64.763.629</u>	
	<b>31.12.2017</b>	<b>1.1.2017</b>
<b>5 Viðskiptakröfur</b>		
Viðskiptakröfur .....	0	659.556
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu .....	0	0
	<u>0</u>	<u>659.556</u>
<b>6 Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
Viðskiptareikningar við ríkissjóð .....	8.937.608	27.341.681
	<u>8.937.608</u>	<u>27.341.681</u>
<b>7 Eigið fé</b>		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum		
	<b>Hrein eign</b>	
Jöfnuður 1.1. 2017 .....	28.001.237	
Afkoma ársins .....	(19.063.629)	
Jöfnuður 31.12.2017	<u>8.937.608</u>	

### 8 Aðrar upplýsingar

#### Skuldbindandi samningar

Fjárlagaliðurinn er ekki með neina skuldbindandi samninga

#### Veðsetningar

Engar veðsetningar hvíla á eignum fjárlagaliðsins þann 31.12.2017.

#### Veittar ábyrgðir

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í neinar ábyrgðir vegna þriðja aðila